

Ár 2008, þriðjudaginn 24. júní, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Þingholtsstræti 33, Reykjavík.

Fyrir var tekið:

Mál nr. 6/2007:
Sigurjónsson & Thor ehf. f.h. EMI
gegn
Einkaleyfastofunni,
vegna ákvörðunar frá 9. febrúar 2007 um
höfnun á umsókn nr. 1831/2006 um skráningu
vörumerkisins NOW.

Kveðinn var upp svofelldur

ú r s k u r ð u r :

Með bréfi, dags. 26. mars 2007, skaut umboðsmaður áfrýjanda ákvörðun Einkaleyfastofunnar (ELS) frá 9. febrúar 2007, um að hafna skráningu orðmerkis áfrýjanda NOW fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9, 38 og 41, til áfrýjunarnefndar. Þar er þess krafist að ákvörðuninni verði hrundið og lagt fyrir stofnunina að skrá vörumerkið NOW fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í umsókn nr. 1831/2006.

I.

Með umsókn nr. 1831/2006, dags. 16. júní 2006, óskaði umboðsmaður áfrýjanda eftir því að merkið NOW yrði skráð fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9, 38 og 41 (sjá fylgiskjal I). Með bréfi ELS, dags. 26. september 2006, var umboðsmanni áfrýjanda tilkynnt að skráningu vörumerkis hans væri synjað að svo stöddu. Taldi stofnunin orðið NOW vera almennt orð og sérkennalaust í skilningi 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (vml.) og uppfyllti það því ekki kröfur laganna um sérkenni. Þá væri það talið andstætt tilgangi vörumerkjalaga að einstakir aðilar gætu með skráningu vörumerkis helgað sér orð, skammstafanir eða orðatiltæki sem væru almenns eðlis.

Með bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 31. október 2006, kom fram að hann teldi að stofnunin hefði ekki skýrt nánar hvernig orðið NOW tengdist vörulista umsóknarinnar. Vísaði umboðsmaður áfrýjanda í ritið *Varemærker Registreringspraksis* eftir Rigmor Carlsen þar sem fram kæmi að ef vörumerki fæli í sér orð sem hefði vel skilgreinda merkingu kæmi sú merking aðeins í veg fyrir skráningu á því orði ef hún tengdist þeim vörum sem merkið ætti

að auðkenna. Þessi fyrirvari fælist í kröfunni um sérkenni. Rakti umboðsmaður áfrýjanda þýðingar orðsins NOW í *Ensk-íslenskri orðabók með alfræðilegu ívafi* sem gefin var út í Reykjavík 1991 og gat þess að orðið væri þar þýtt m.a. sem nú, núna; nú þegar, strax; á gefnu augnabliki í tiltekinni atburðarrás, þegar hér er komið sögu, þá, síðan; eins og nú er ástatt, eins og nú er komið. Taldi umboðsmaður áfrýjanda þessar merkingar orðsins NOW hvorki beint né óbeint tengjast þeim vörum sem umsóknin næði til. Blæbrigðin væru endalaus þar sem meta þyrfti merkingu hvers orðs og gæti merking horft misjafnlega við eftir því hver varan og/eða þjónustan væri, sbr. úrskurð um vörumerkið BEST WESTERN (*NIR* 1988, bls. 288) þar sem m.a. kom fram að Western þætti lýsandi fyrir bíómyndir en ekki fyrir þjónustu í flokkum 35 og 42. Þá hafi norska einkaleyfastofan hafnað skráningu vörumerkisins REPRODUCTION (*NIR* 1988, bls. 460) fyrir vörur í flokki 25 en norska áfrýjunarnefndin samþykkt skráningu með þeim rökum „...að það sé óeðlileg orðnotkun að tala um endurskapaðan klæðnað, þótt það sé eðlilegt að tala um endurskapaða list.“ Taldi umboðsmaður áfrýjanda það sama eiga við um orðið NOW fyrir þær vörur og þjónustu sem umsókn hans næði til. Einnig vísaði umboðsmaður áfrýjanda í dæmi úr norskri framkvæmd um þá nákvæmni sem þyrfti að gæta við samanburð á orði í vörumerki og þeirrar vöru sem það næði til (*NIR* 1998 bls. 299). Í þeim norska úrskurði hefði verið farið nákvæmlega ofan í merkingu orðsins ULTRA og merking orðsins ULTRAVIT borin saman annars vegar við tannhreinsiefni og hins vegar við vítamín. Hefði niðurstaðan orðið sú að ULTRAVIT væri ekki lýsandi fyrir vítamín en skráningu var hins vegar hafnað fyrir tannhreinsiefni. Umboðsmaður áfrýjanda tiltók að NOW hefði verið skráð í Kanada, Danmörku, Finnlandi, Írlandi, Nýja Sjálandi, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum og sem Evrópumerki og að engar séríslenskar ástæður ættu að réttlæta höfnun á skráningu hér á landi. Þá vísaði umsækjandi einnig til eftirtalinna merkja sem hefðu verið skráð hér á landi: Concept Now,¹ DIGITAL NOW² og HÉR OG NÚ INNRETTINGAEININGAR.³ Því næst vísaði umboðsmaður áfrýjanda til athugasemda með 13. gr. vml. þar sem fjallað væri um tvö sjónarmið sem byggju að baki kröfunni um aðgreiningarhæfi og sérkenni. Annars vegar það að einfaldar myndir, mynd af sjálfri vörunni eða lýsing á henni með almennum orðum væru ekki til þess fallin að gefa vöru sérkenni í huga almennings. Hins vegar væri ekki talið réttmætt að einstakir aðilar gætu helgað sér almennar lýsingar á vöru enda myndi slíkt takmarka svigrúm annarra til að gera grein fyrir vöru sinni. Að lokum sagði umboðsmaður

¹ Skráning nr. 35/1982. Afmáð 13. janúar 1993 skv. upplýsingum ELS.

² Skráning nr. 1210/1999.

³ Skráning nr. 890/1991. Afmáð 30. apríl 2002 skv. upplýsingum ELS.

áfrýjanda að ekki væri þörf á að halda þeim möguleika opnum að aðrir atvinnurekendur gætu notað orðið NOW fyrir þær vörur og þjónustu sem vöruelistinn næði til og að merkið væri auk þess vel til þess fallið að greina vörur og þjónustu sem merkið auðkennir frá sömu vörum og þjónustu annarra.

ELS svaraði umboðsmanni áfrýjanda með bréfi, dags. 15. nóvember 2006. Ítrekaði stofnunin að það væri grundvallarskilyrði fyrir skráningu merkis að það gæti greint vöru/þjónustu merkiseiganda frá vöru/þjónustu annarra og að merki sem aðeins gæfu til kynna tegund eða eiginleika vöru/þjónustu teldust ekki nægilega sérkennileg skv. 1. mgr. 13. gr. vml. Bætti stofnunin við að hið sama gilti um tákni eða orðasambönd sem teldust algeng í viðskiptum eða væru notuð í daglegu máli. Um tilvísun umboðsmanns áfrýjanda til þess að ef vörumerki fæli í sér orð sem hefði vel skilgreinda merkingu kæmi sú merking aðeins í veg fyrir skráningu á því orði ef hún tengdist þeim vörum sem merkið ætti að auðkenna, benti ELS á að þetta viðmið ætti ekki við þegar um eins almenn orð væri að ræða og orðið NOW. Stofnunin teldi orðið NOW sambærilegt orðum eins og *sunnudagur*, *þjóðin* og *merki* sem tekin væru sem dæmi um almenn orð sem engin sérkenni hafi í riti Jóns L. Arnalds *Vörumerkjaréttur, helstu meginreglur* (útg. 1995 í Reykjavík). Þá fjallaði stofnunin um tilgang 13. gr. vml. sem væri ekki aðeins sá að koma í veg fyrir að einstakir aðilar gætu takmarkað rétt annarra til að lýsa sinni vöru eða þjónustu heldur einnig að koma í veg fyrir skráningu merkja sem ekki hefðu til að bera nægilegt sérkenni, þ.e. væru ekki til þess fallin að sérgreina vöruna í huga almennings. Þessi tvö sjónarmið tækju bæði til hagsmuna annarra aðila í atvinnulífinu og hagsmuna neytenda. Stofnunin tók fram að skráningaryfirvöld hvers ríkis fyrir sig tækju sjálfstæðar ákvarðanir um skráningu merkja til samræmis við lög og reglur þess ríkis og aðstæður í hverju máli fyrir sig. Um tilvísun umboðsmanns áfrýjanda til merkjanna Concept Now og DIGITAL NOW benti stofnunin á að þessi dæmi væru ekki sambærileg þar sem framangreind merki bæru með sér ákveðin sérkenni þótt þau kynnu að vera smávægileg. Hins vegar væri orðmerkið NOW alfarið sérkennalaust enda um mjög almennt orð að ræða sem væri algengt í daglegu máli. Um merkið HÉR OG NÚ INNRÉTTINGAEININGAR tók stofnunin fram að þetta merki væri orð- og myndmerki og að annað mat gilti um slík merki. Þá kom orðrétt fram í bréfi stofnunarinnar:

Þá vísir þér í ofangreindu bréfi yðar í greinargerð með 13. gr. vml. en þar kemur einnig fram að upptalningin í ákvæðinu sé dæmi um þessi sjónarmið og sé ekki tæmandi. Þegar meta skuli hvort orð þeirra sem fela í sér lýsingu séu nægilega aðgreinandi beri einkum að hafa í huga merkingu þeirra í íslensku máli. Erlend orð komi þó einnig til greina ef þau hafa ákveðna merkingu hjá almenningi, eins og að telja verður að orðið NOW hafi. Þá segir ennfremur í greinargerðinni að

rétt þyki að taka tillit til þess að í daglegu máli eða viðskiptum sé víða að finna orð sem ekki verða talin lýsandi fyrir tiltekna vöru eða þjónustu en hafi unnið sér sess í málinu og flestir viti hvað þýða. Sem dæmi er táknið 100% nefnt. Þá segir að táknið sé ekki beinlínis lýsandi fyrir eina tegund vöru eða þjónustu fremur en aðra en feli í sér almenna lýsingu á vöru eða þjónustu og því geti enginn einn aðili öðlast einkarétt á notkun þess.

Með bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 11. janúar 2007, komu fram ítarlegri athugasemdir áfrýjanda. Fjallaði umboðsmaðurinn í fyrsta lagi um fyrri rök sín og dró þau saman í fjóra liði. Þá fjallaði hann í öðru lagi um röksemdir ELS og 13. gr. vörumerkjalaga og gagnrýndi afstöðu þeirra. Í þriðja lagi fjallaði umboðsmaður áfrýjanda um orð sem notuð væru í daglegu tali. Gagnrýndi umboðsmaður áfrýjanda lögskýringar ELS um að orðið NOW væri svo almennt að það væri ekki til þess fallið að greina vörur og þjónustu eins frá vörum og þjónustu annarra. Taldi umboðsmaður áfrýjanda þessa skýringu byggða á orðalagstúlkun á 3. másl. 1. mgr. 13. gr. vml. og tók fram að ef greinin væri skilin samkvæmt orðanna hljóðan væri verið að innleiða nýtt bann gegn skráningu allra orðmerkja sem ekki væru sérstaklega tilbúin tákni fyrir þá vöru sem sótt væri um. Vísaði umboðsmaðurinn til eftirfarandi orða í athugasemdum með 13. gr. vml. sem hann taldi bæta úr villandi orðalagi 3. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna (feitletrun umboðsmanns áfrýjanda):

Þá þykir enn fremur rétt að taka tillit til þess að í daglegu lífi eða viðskiptum er víða að finna orð sem ekki verða talin lýsandi fyrir tiltekna vöru eða þjónustu en hafa unnið sér sess í málinu og flestir vita hvað þýða. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði sem dæma slík merki beinlínis óskráningarhæf. Sem dæmi hér má nefna táknið 100%. Táknið er ekki beinlínis lýsandi fyrir eina tegund vöru eða þjónustu fremur en aðra en felur í sér **almenna lýsingu á vöru eða þjónustu** og því getur enginn einn aðili öðlast einkarétt á notkun þess.

Jafnframt vísaði umboðsmaður áfrýjanda til ritsins *Varemærkeret. Varemærkeloven og Fællesmærkeloven með kommentarer. EF-varmærkeret. Madrid-Protokollen* eftir Knud Wallberg og til þess að í evrópskri framkvæmd hefði krafan um mat á merkingu orðmerkja gagnvart þeirri vöru/þjónustu sem um ræðir verið marg staðfest. Þá nefndi umboðsmaður áfrýjanda nokkur dæmi úr vörumerkjaskrá ELS um orð sem notuð væru í daglegu tali og sem skráð væru sem vörumerki. Í fjórða lagi rakti umboðsmaður áfrýjanda að þar sem ákvarðanir ELS um höfnun á skráningu vörumerkja væru íþyngjandi væri sérstök ástæða til að rökstyðja þær, sbr. 19. gr. vml. Vísaði umboðsmaðurinn í þessu sambandi til ritsins *Stjórnsýslulögin. Skýringarrit* eftir Pál Hreinsson (útg. 1994), ritsins *Forvaltningsret, forvaltningens opgaver og organisation* eftir Bent Christensen (útg. 1991) og til dóms Hæstaréttar 1993, bls. 2364. Umboðsmaður áfrýjanda hélt því fram að slíkan rökstuðning væri ekki að finna í höfnunarbréfi ELS til áfrýjanda. Fór umboðsmaður áfrýjanda að lokum fram á það að vörumerkið yrði samþykkt til skráningar með vísan til framangreindra athugasemda sinna.

II.

Lokaákvörðun ELS var tilkynnt umboðsmanni áfrýjanda með bréfi, dags. 9. febrúar 2007. Af hálfu stofnunarinnar var sérstaklega tekið fram að hún hefði ekki byggt á því að merkið væri lýsandi fyrir þær vörur og þjónustu sem það óskaðist skráð fyrir heldur væri það fyrst og fremst almennt og sérkennalaust. ELS taldi vörumerkið REPRODUCTION fyrir vörur í flokki 25 ekki sambærilegt við orðið NOW, m.a. þar sem annað orðið væri nafnorð en hitt atviksorð. Þá ítrekaði stofnunin að hún tæki sjálfstæðar ákvarðanir um skráningarhæfi merkja. Því næst var rakin sú afstaða ELS að dæmin sem umboðsmaður áfrýjanda hefði nefnt máli sínu til stuðnings og sem hann teldi vera sambærileg merki áfrýjanda væru öll talin bera næg sérkenni til að vera skráð og væru ekki lýsandi fyrir viðkomandi vörur. Þær skráningar gætu því ekki verið því til stuðnings að skrá orðið NOW. Með vísan til alls framangreinds var merki áfrýjanda NOW því talið óskráningarhæft og umsókn um skráningu þess felld úr gildi með vísan til 19. gr. vml.

II.

Áfrýjandi skaut framangreindri lokaákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi dags, 26. mars 2007, og krafðist þess að ákvörðun stofnunarinnar yrði hrundið og að lagt yrði fyrir hana að skrá vörumerkið NOW. Vísar umboðsmaður áfrýjanda til greinargerða, dags. 31. október 2006 og 11. janúar 2007. Því til viðbótar ítrekar umboðsmaður áfrýjanda í greinargerð sinni þá skoðun sína að augljóst sé að vörumerkið NOW uppfylli kröfur 13. gr. vml. Merkið sé ekki lýsandi og sé vel til þess fallið að greina vörur og þjónustu eiganda þess frá vörum og þjónustu annarra. Þá hafi skráningu aðeins verið hafnað hér á landi. Telur umboðsmaður áfrýjanda rök ELS of almennt orðuð og að þau styðji ekki höfnun á skráningu merkisins. Tekur umboðsmaður áfrýjanda fram að rökstuðningur stofnunarinnar eigi að vera atviksbundinn, þ.a. ljóst sé að þetta einstaka mál hafi verið tekið til sjálfstæðrar rökstuddrar úrlausnar. Vísar hann í þessu sambandi til lokaritgerðar Jörundar Gaukssonar við embættispróf í lögfræði, *Kröfur stjórnvæðinganna nr. 37/1993 til efnis rökstuðnings fyrir stjórnvaldsákvörðunum*. Umboðsmaður áfrýjanda telur í ljósi þess að um íþyngjandi ákvörðun sé að ræða, að hún hafi ekki verið nægilega rökstudd. Þá vísar umboðsmaður áfrýjanda til skuldbindinga Íslands vegna aðildar að EES og tekur fram að aðildarríkin verði að fylgja þeim ákvæðum tilskipunar, 89/104/EB um samræmingu löggjafar um vörumerki, sem kveði á um lágmarksvernd. Orðrétt kemur fram:

Núgildandi vörumerkjalog nr. 45/1997 byggjast á skilgreiningu á sérkenni eins og hún birtist í 3. grein tilskipunarinnar. Ekki er heimilt að gera strangari kröfur til sérkennis en þar kemur fram og

Það á við um öll vörumerki sem falla undir skilgreiningu tilskipunarinnar á vörumerki sbr. 2. mgr. vml.

Að lokum endurtekur umboðsmaður áfrýjanda svo kröfu sína um að merkið verði skráð líkt og gert hafi verið í öðrum löndum, þ.m.t. í hinum Norðurlandarákjunum og hjá skráningarskrifstofu ESB-vörumerkja (CTM).

Í greinargerð sinni, dags. 25. maí 2007, endurtekur ELS fyrri sjónarmið um skort á sérkenni orðsins NOW. Eftirfarandi kemur að auki fram í greinargerð ELS:

Orðið NOW er að mati Einkaleyfastofunnar mjög mikið notað í daglegu tali og viðskiptum í tengslum við nánast hvaða vöru og þjónustu sem er, t.d. er orðið gjarnan notað til að leggja áherslu á að unnt sé að fá tiltekna vöru eða þjónustu afhenta/keypa núna, eða að varan eða þjónustan virki strax. Einkaleyfastofan telur það vera mjög ákjósanlegt fyrir aðila á viðskiptasviði áfrýjanda að varan eða þjónustan sé veitt eða virki strax. Það þykir vera kostur að fjarskiptaþjónusta og skemmtiþjónusta, sem t.d. útvegar ýmis konar efni/gögn/upplýsingar á rafrænu formi virki strax, hvort sem um er að ræða niðurhal eða beinlínutengda þjónustu. Jafnframt er ákjósanlegt að tæki geti flutt og móttakið slíkar rafrænar sendingar strax. Þá er orðið NOW gjarnan notað í atvinnulífnum, í ýmsum orðasamböndum, m.a. til að hvetja viðskiptavinum til að kaupa vöru/þjónustu.

Einkaleyfastofan telur merkið ekki til þess fallið að greina vörur og þjónustu áfrýjanda frá vörum og þjónustu annarra þar sem neytendur líta ekki á orðið NOW sem vörumerki í skilningi 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga, fyrir þá vöru og þjónustu sem það óskast skráð fyrir. Það er því mat Einkaleyfastofunnar að merki áfrýjanda skortir sérkenni og uppfyllir því ekki skilyrði 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 fyrir skráningu.

Einkaleyfastofan mótmælir því að ákvörðun um að hafna skráningu á merki áfrýjanda hafi ekki verið rökstudd nægjanlega og að Einkaleyfastofan beiti strangara viðmiði við skilgreiningu á sérkenni en fram kemur í tilskipun 89/104 EBE sem innleidd var í íslensk vörumerkjalög nr. 45/1997.

Umboðsmaður áfrýjanda skilaði inn viðbótargreinargerð, dags. 31. ágúst 2007, þar sem hann ítrekar það sem áður hafi komið fram af hans hálfu. Tekur hann fram að hann telji rök ELS í bréfi stofnunarinnar, dags. 25. maí 2007, greinarbetri en þau sem áður hafi komið fram en telur þau þó ekki eiga að leiða til höfnunar á skráningu. Jafnframt kemur fram í bréfi umboðsmanns áfrýjanda að ELS haldi því fram að merkið NOW sé lýsandi og einnig að það skorti aðgreiningarhæfi. Vísar umboðsmaðurinn til þess að hann hafi rökstutt að merkið sé ekki lýsandi og að það sé vel til þess fallið að greina þjónustu eiganda frá þjónustu annarra. Auk þess hafi það verið staðfest með skráningum erlendis og hér á landi að merkið skorti ekki sérkenni í skilningi 13. gr. vml. eins og það sé skilgreint í tilskipun 89/104/EB. Með vísun í framangreind rök og skyldur samkvæmt EES-samningnum krefst umboðsmaður áfrýjanda þess að lagt verði fyrir ELS að skrá vörumerkið.

Með bréfi ELS, dags. 12. desember 2007, sbr. bréf stofnunarinnar frá 16. janúar 2008, vísar ELS til greinargerðar sinnar frá 25. maí 2007 og annarra bréfaskrifa. Ítrekar stofnunin fyrri ákvörðun sína þess efnis að umsókn um skráningu merkisins NOW sé hafnað á grundvelli 1. mgr. 13. gr. vml.

Áfrýjunarnefnd tók málið til úrskurðar á fundi sínum 6. júní 2008.

Niðurstaða:

Deilt er um hvort orðmerkið NOW fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9, 38 og 41, sbr. umsókn nr. 1831/2006, hafi til að bera nægilegt sérkenni til að greina vörur og þjónustu umsækjanda frá vörum og þjónustu annarra með hliðsjón af 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (vml.).

Merki sem eingöngu teljast lýsandi uppfylla ekki skilyrði 13. gr. vml. Sama á við um tákn eða orðasambönd sem teljast algeng í viðskiptum eða notuð eru í daglegu máli. Smávægilegar breytingar eða viðbætur á þannig merkjum breyta engu um sérkenni þeirra. Skilyrðið um að merki skuli hafa sérkenni er rökstutt með því annars vegar að lýsandi merki séu ekki til þess fallin að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og hins vegar að enginn skuli fá einkarétt á orðum sem aðrir á viðkomandi sviði viðskipta hafi þörf á að nota. Við mat á því hvort merki uppfylli skilyrði um sérkenni þarf að meta hvert tilvik fyrir sig og aðstæður allar, eins og fyrir hvaða vörur merki óskast skráð, fyrri notkun o.fl. Ekki er því sjálfkrafa hægt að byggja á eldri fordæmum eða mati á öðrum merkjum. Orðmerki á erlendu tungumáli getur einnig skort sérkenni á Íslandi ef um er að ræða tungumál sem gera má ráð fyrir að þorri almennings þekki til, eins og t.d. gildir um ensku.

Meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, sbr. 1. mgr. 2. gr. vml. Í því felst hvorki krafa um frumleika á sviði málvísinda, listræna sköpun né hugmyndaauðgi. Nægilegt er að almenningi sé kleift að greina vörur eða þjónustu frá vörum eða þjónustu annarra.

Enska orðið NOW verður þýtt og notað á ýmsa vegu. Sem atviksorð þýðir það *nú; núna; núorðið; strax*. Sem nafnorð er það þýtt sem *nútimi* eða *líðandi stund* og þá er einnig hægt að nota orðið sem samtengingu, sbr. upplýsingar á vefsíðunni www.ordabok.is. Ekki verður talið að orðið sé lýsandi fyrir þær vörur og þjónustu sem sótt er um skráningu fyrir þótt það geti

skapað hugrenningatengsl hjá notendum um hraða þjónustu, nýjustu upplýsingar og/eða nýjustu strauma og stefnur í viðskiptum með rafræn gögn og þjónustu. Ekki verður heldur talið að orðið NOW sé þess eðlis að það skorti aðgreiningareiginleika í sjálfu sér fyrir vörur og þjónustu. Eftir stendur þá að meta hvort allir þeir sem stunda viðskipti hafi þörf á að nota orðið NOW í atvinnuskyni. Ekki verður hjá því komist að nota orðið þegar fjallað er um eitthvað sem á að gerast strax eða nú þegar og því ljóst að menn í viðskiptum sem og í öðrum samskiptum þurfa að nota það. Ekki verður þó talið að orðið NOW tengist sérstaklega/frekar þeirri vöru og þjónustu sem sótt er um skráningu fyrir fremur en hverri annarri vöru eða þjónustu. Hafa ber í huga að þrátt fyrir að einstök orð séu skráð sem vörumerki kemur það ekki í veg fyrir að þau séu notuð í daglegu máli. Jafnframt tryggir 2. tl. 1. mgr. 6. gr. vml. að skráning orðmerkisins NOW fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9, 38 og 41, komi ekki í veg fyrir að aðrir geti í atvinnustarfsemi, í samræmi við góða viðskiptahætti, lýst vörum sínum og þjónustu. Það er því mat nefndarinnar að orðmerkið sé til þess fallið að greina vörur og þjónustu áfrýjanda í flokkum 9, 38 og 41 frá sambærilegum vörum og/eða þjónustu annarra.

Niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar er því sú að orðmerkið NOW sé skráningarhæft fyrir þær vörur og þjónustu í flokkum 9, 38 og 41 sem sótt er um skráningu fyrir.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnkt og Steingrímur Gautur Kristjánsson hrl.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar frá 9. febrúar 2007, um að hafna umsókn nr. 1831/2006 um skráningu orðmerkisins NOW fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9, 38 og 40, er hrundið.

Rán Tryggvadóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Steingrímur Gautur Kristjánsson

Rétt endurrit staðfestir:

Fylgiskjal I.

Sótt var um skráningu merkisins NOW fyrir eftirtaldar vörur og þjónustu:

Flokkur 9: Hljóð og/eða sjónrænar upptökur; endurbættar hljóð og/eða sjónrænar upptökur; gagnvirkar hljóð og/eða sjónrænar upptökur; hljóð og/eða sjónrænar upptökumiðlar; tölvuleikir; útgefið efni (niðurhlaðanlegt) látið beinlínutengt í té um gagnagrunna, um Netið eða önnur fjarskiptanet, þ.m.t. þráðlaust, um kapal eða gervihnött; geisladiskar; hágæða hljóðdiskar; DVD diskar; stafræn tónlist (niðurhlaðanleg); MP3 spilarar; lófátölvur og önnur tæki til að hafa í hendi; stafræn tónlist (niðurhlaðanleg) látin í té af MP3 vefsíðum; símhringitónar (niðurhlaðanlegir).

Flokkur 38: Fjarskiptaþjónusta; útsendingaþjónusta; flutningur tónlistar og upplýsinga; þjónusta við myndtexta, stafræn gögn, textavarp og svarveitu; að láta í té aðgang að Netinu eða að öðrum fjarskiptanetum þ.m.t. þráðlaust, um kapal eða gervihnött; að láta í té fjarskiptatengingar að Netinu eða að gagnabönkum eða öðrum fjarskiptanetum; að láta í té aðgang að vefsíðum með stafrænni tónlist á Netinu eða á öðrum fjarskiptanetum; flutningur á stafrænni tónlist með fjarskiptum; starfræksla leitarvéla; þjónusta í tengslum við aðgang að fjarskiptum; tölvustuddur flutningur á skilaboðum og myndum; flutningur á fréttum og upplýsingum um málefni líðandi stundar.

Flokkur 41: Skemmtiþjónusta; framleiðsla og dreifing á sviði hljóðs og/eða sjónrænna upptaka og skemmtiefnis; útgáfuþjónusta á sviði tónlistar; umboðsmenn fyrir listamenn; þjónusta upptökuvera; upplýsingaþjónusta í tengslum við tónlist, skemmtanir/skemmtiþjónustu, leiki og viðburði sem látnir eru beinlínutengt í té um tölvugagnagrunn, Netið eða önnur fjarskiptanet þar með talið þráðlaust, um kapal eða gervihnött; útvegum á stafrænni tónlist (ekki niðurhlaðanlegri) á Netinu; útvegum á stafrænni tónlist (ekki niðurhlaðanlegri) af MP3 vefsíðum; framleiðsla, undirbúningur, kynning, dreifing og leiga á sjónvarps- og útvarpsþáttum og kvikmyndum, hreyfimyndum/teiknimyndum og hljóð og/eða sjónrænum upptökum; framleiðsla á skemmtidagskrám sem sýndar eru í beinni útsendingu/fyrir framan áhorfendur; skipulagning, framleiðsla og kynning á spurningaþáttum, sýningum, íþróttaviðburðum, leiksýningum, farandleiksýningum, sviðsviðburðum, leikrænum sýningum, tónleikum, skemmtiatriðum sem sýnd eru í beinni útsendingu/fyrir framan áhorfendur og viðburðum með þátttöku áhorfenda; útvegum á beinlínutengdum rafrænum útgáfum (ekki niðurhlaðanlegum); útvegum og rekstur/umsjón rafrænna ráðstefna; umræðuhópar og spjallrásir; rafræn leikjaþjónusta látin í té um tölvugagnagrunn, Netið eða um önnur fjarskiptanet þar með talið þráðlaust, um kapal, gervihnött; ráðgjöf og ráðgjafarþjónusta í tengslum við framangreinda þjónustu.